

**Grunnskóli Önundarfjarðar og Leikskólinn Grænigarður**

**Leik-og grunnskólinn á Flateyri**

**Ársskýrsla skólaárið 2018-2019**



**Kristbjörg Sunna Reynisdóttir**

**júlí 2019**

## Efnisyfirlit

Inngangur .....	2
Skýrsla um skólahald .....	2
Starfsmarkmið grunnskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau .....	8
Starfsmarkmið leikskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau .....	12
Skipting nemenda .....	13
Starfsmenn og stöðugildi .....	14
Forföll starfsfólks .....	15
Forföll nemenda .....	15
Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag .....	16
Fjárhagsáætlun .....	22

## Inngangur

Í þessari skýrslu koma fram allar helstu upplýsingar um skólastarf leik- og grunnskólans á Flateyri skólaárið 2018– 2019.. Þar sem einn skólastjóri hefur verið yfir báðum skólunum frá árinu 2012 er orðin hefð fyrir að sameiginleg skýrsla sé gerð.

Farið er yfir markmiðasetningu og hvernig til tókst að vinna eftir stefnum og áætlunum sem settar voru. Í skýrslunni eru ýtarlegar upplýsingar um skiptingu nemenda eftir aldri og kyni. Farið er yfir starfsmannamál, fjölda og stöðugildi. Upplýsingar um forföll nemenda og starfsfólks koma þar einnig fram. Niðurstöður samræmdra prófa eru birtar að því marki sem hægt er vegna fámennis. Einnig inniheldur skýrslan greinargerð um sjálfsmat skólans og upplýsingar um kennslustundaúthlutun.

Grunnskólinn stendur í norðvestur hluta þorpsins og eru rúmir 700 fermetrar á tveimur hæðum. Húsið var tekið í notkun árið 1961. Þar örskammt frá er íþróttahús með sundlaug og fyrir utan skólann er leikvöllur og sparkvöllur. Skólahald hófst á Flateyri árið 1903 á Grundarstíg 14 og voru 25 nemendur í skólanum fyrsta skólaárið 1903-1904, í fjórum árgögum og var þeim kennt í tveimur hópum. Þá bjuggu um 200 manns á Flateyri. Í upphafi skólaárs 2018-2019 voru 18 nemendur í skólanum, 2 í öðrum. bekk, 4 í þriðja bekk, 4 í fjórða bekk, 4 í áttunda bekk og 4 í níunda bekk. Nemendahópurinn hélt óbreyttur út skólaárið. Kennt var í tveimur hópum, 2.-4. . bekk og 8. og 9. bekk.

Leikskólinn Grænigarður hóf starfsemi sína í desember 1996. Skólinn var reistur fyrir gjafafé fá færeysku þjóðinni sem hún safnaði eftir að snjóflóð féll á Flateyri í október 1995, en þar eyðilagðist meðal annars leikskólinn Brynjubær sem hafði hýst starf leikskólans áður. Grænigarður er 400 fm. bjálkahús með rými fyrir 42 börn í heilsdagsvistun. Nemendur leikskólans voru 18 í upphafi skólaárs en 19 við lok þess. Efri hæð leikskólahússins er nýtt sem félagsmiðstöð fyrir unglingana á staðnum.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir. skólastjóri

## Skýrsla um skólahald

Þetta skólaár er fyrsta árið sem undirrituð stýrir leik- og grunnskólunum á Flateyri. Miklar breytingar urðu á starfsmannahópi beggja skólanna þetta skólaár en auk skólastjóra hófu tveir grunnskólakennrar störf sín við skólann og þrír starfsmenn leikskólans höfðu ekki verið við störf þar áður. Útilit er fyrir stöðugleika í starfsmannahaldi grunnskólans næsta skólaár en ekki alveg eins öruggt með að stöðugleika sé náð í leikskólunum. Margt hefur verið gert vel í skólunum en róðurinn verið þungur í leikskólunum allt þetta skólaár vegna manneklu sem vonandi sér fyrir endann á. Stjórnanda hefur gengið ágætlega að skipta sér milli starfsstöðva og hefur haft fasta viðveru á leikskólunum einn morgun í viku en einnig litið þar við eftir þörfum.

Grunnskólinn var settur á sal klukkan 10 að morgni 23. ágúst. Að skólastetningu lokinni hófust einstaklingsviðtöl þar sem nemendur og foreldrar hittu umsjónarkennara og fóru yfir markmið komandi skólaárs. Skemmtileg stemning myndaðist á ganginum þar sem flestir tóku því rólega í skólahúsínu og spjölluðu saman meðan þeir biðu þess að röðin kæmi að þeirra viðtali.

Leikskólinn opnaði 7. ágúst að loknu sumarleyfi. Fyrrihluta dags var starfsmannafundur og húsgögnum stillt upp eftir bónvinnu innanhúss í lokuninni. Opnað var fyrir nemendur kl. 12:00.

Íþróttahátíðin Öðrvívísi leikarnir sem er fyrir 1.-7. bekk fór fram 5. október á Suðureyri. Farið var í leiki, unnin stöðvarvinna og endað með grillveislu. Þátttakendur voru Grunnskólarnir á Þingeyri, Flateyri, Suðureyri og Súðavík. Eldri nemendurnir tóku þátt í Stóru íþróttahátíðinni sem fram fór í Bolungarvík. Allir nemendur ungingastigs tóku þátt. Stendur þessi hátíð jafnan yfir allan daginn og endar með balli um kvöldið.

Hefð er orðin fyrir því að halda kaffihúsakvöld í nóvember og tileinka það Degi íslenskrar tungu. Að þessu sinni var kvöldið tileinkað hvoru tveggja Degi íslenskrar tungu og 100 ára fullveldisafmæli Íslands. Nemendur ungingastigs sáu um að baka, hella upp á kaffi og hita kakó sem síðan var selt til ágóða fyrir nemendasjóð. Skemmtiatriði voru ekki af lakara taginu, frumsamið leikrit um fullveldi þjóðarinnar samið af yngri nemendum og kvíkmynd og ljóð samin og flutt af ungingunum. Mjög góð mæting var á kaffihúsakvöldið.

Nemendur unglingsastigs héldu í fyrsta sinn í langan tíma ball og var nemendum frá öðrum skólum Ísafjarðarbæjar, Súðvíkingum og Bolvíkingum boðið að vera með. Fyrir ágóða af ballinu voru keyptar hettupeysur á alla unglingana með merki Flateyrarhrepps, nafni skólans og nemanda.

Nemendum unglingsastig hefur einnig verið boðið á öll böll sem haldin hafa verið af 10. bekk á Ísafirði og á ball sem haldið var á Suðureyri og alltaf tóku einhverjir þátt.

Foreldrakaffi í leikskólanum var að vanda í desember. Leikskólabörnin buðu upp á piparkökur sem þau höfðu sjálf bakað og skreytt.

Litlu skólnir i Ísafjarðarbæ sameinuðust um two fyrirlestir fyrir unglingana. Var það annarsvegar fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar Vertu ástfanginn af lífinu sem hann ferðast um landið með flytur skólunum að kostnaðarlausu. Hins vegar var ákveðið að sameinast um að fá Siggu Dögg kynfræðing til að koma með fræðslu vestur og komu þá unglingarnir á Suðureyri og Þingeyri til okkar á þann fyrirlestur.

Tveir rithöfundar komu í heimsókn vegna verkefnisins skáld í skólum og komu þá unglingarnir frá Þingeyri og hlýddu á þá með nemendum í GÖ. Þetta voru höfundar bókaraðarinna þriggja heima saga Kjartan Yngvi Björnsson og Snæbjörn Brynjarsson sem leiddu nemendur í sannleikan um það hvernig skal stela hugmyndum og komast upp með það.

Huldar Breiðfjörð rithöfundur gaf sér svo tíma til að koma og kenna unglungunum sitthvað um ritlist samhliða því sem hann var að kenna námskeið við LÝHÁSKÓLANN. Þess má geta að íslensku kennslan á unglingsastigi hefur farið að miklu leyti fram í gegnum ritlist og ljóðagerð í vetur.

Nemendur unglingsastigs tóku þátt í nemendaþingi sem haldið var í Stjórnsýsluhúsinu á Ísafirði. Þarna komu saman nemendur úr öllum skólum Ísafjarðarbæjar og unnu saman í blönduðum hópum að hugmyndum um endurskoðun skólastefnu Ísafjarðarbæjar. Eftir nemendaþingið var þátttakendum boðið upp á hádegismat í Stjórnsýsluhúsinu.

Sameiginleg föndurstund leikskólans, grunnskólans og lýðháskólans fór fram í grunnskólanum á aðventunni og stóð bæjarbúum einnig til boða að taka þátt. Fjölmenni kom og var stundin notaleg og vel heppnuð.

Litlu-jólin voru haldin 20. desember, síðasta skóladag fyrir jólaeyfi grunnskólanema. Hittumst nemendur leik- og grunnskólans á Grænagarði og héldu saman jólaball þar sem jólasveinninn kom í heimsókn. Eftir

jólaballið fóru allir nemendur og starfsmenn grunnskólans í Gunnukaffi og borðuðu saman jólamat ásamt lestrarvinum sem boðið var með í þakklætisskyni fyrir þeirra framlag. Nemendur og starfsmenn leikskólans fengu sinn jólamat í skólann þar sem of mikið rask hefur þótt að flytja yngstu nemendurna yfir með sína matarstóla. Enn er spurning að endurskoða þetta á næsta ári og bjóða eldri nemendum leikskólans upp á tilbreytinguna að borða jólamatinn á Gunnukaffi.

Í mars fóru nemendur unglingsastigs ásamt umsjónarkennara sínum í námsferð til Reykjavíkur. Með í þeirri ferð voru unglingar og starfsmenn frá Suðureyri og Þingeyri. Markmið ferðarinnar var að skoða sýninguna Mín framtíð 2019 sem haldin var af Verkiðn í þeim tilgangi að auka sýnileika iðn og verkgreina. Ferðin stóð aðeins í rúman sólarhring en þó náðist að skoða sýningarnar Undur í náttúru Íslands og Áróra, norðurljósasýning sem stóðu yfir í Perlunni.

Glíumenn frá Ísafirði heimsóttu grunnskólanemendur og kynntu þessa gamalgrónu íþrótt fyrir þeim.

Árshátíð grunnskólans var haldin fimmtudaginn 4. apríl. Nokkuð hefðbundið snið var á árshátíðinni en nemendur sýndu þó tvö leikrit. Nemendur yngra stigs sömdu leikrit með aðstoð kennara. Unglingarnir býddu leikritið sem þeir sýndu. Foreldrafélagið sá um veglegt hlaðborð að vanda en það er aðalfjárflovn félagsins.. Aðsókn gesta var mjög góð eins og áður og alls komu um 70 gestir á sýninguna. Leikskólanemendur komu og sáu sérstaka forsýningu fyrr um daginn sem heppnaðist vel.



Uppbrotsdagar eru reglulega á leikskólanum og má þar nefna „sýndu og segðu frá“ en þá komu börnin með einn hlut að heiman, stigu í pontu og sögðu frá. Á hjóladegi komu börnin á hjólunum sínum og bæði þau og kennrarar æfðu sig á ýmsum

hjólaprautum. Í leikskólanum voru einnig haldnir litadagar, til dæmis gulur og rauður dagur. Þá klæddust börn og starfsfólk fatnaði í þemalit dagsins og borða mat sem er í þeim lit. Á öskudaginn mættu nemendur í búningum en þetta árið hófst starfsmannafundur kl. 12 þann dag. Páskaeggjaleit var haldin á leikskólanum fyrir páska. Þetta er einn af þeim dögum sem foreldrum stendur til boða að taka þátt með börnunum. Öll

börnin leituðu og fengu páskaeegg sem búið var að fela. Páskaeegg voru merkt með nafnaspjaldi, hvert barn fékk sér eitt egg, sem það tók með sér heim. Aukaegg voru fyrir systkin sem tóku þátt.

Nemendur grunnskólans tóku þátt í lokaverkefni lýðháskólanemenda þar sem hönnuð voru póstkort á listrænan hátt og síðan skrifuð kveðja til vinar eða ættingja. Seinna fóru kortin í póst og glöddu viðtakendur víðsvegar. Einnig útbjuggu nemendur origami svölur og skrifuð í þær óskir sínar en óskirnar voru með ýmsum hætti, t..d. að hlýnun jarðar taki enda. Síðasta verkefnið sem nemendur tóku þátt í var að hlýða á lestur smásögu sem byggð var á afreki kýrinnar Sæunnar sem synti sér til lífs yfir Önundarfjörð.

Sýning á verkum nemenda Grænagarðs fór fram í leikskólanum á opnu húsi nemenda 24. maí en þann dag var einnig útskrift fimm ára nemenda og boðið upp á kaffi og útskriftarköku. Hefðbundin sýning á verkum nemenda var ekki haldin í grunnskólanum þetta árið en á opnum degi sem haldinn var í lok maí var foreldrum boðið að taka þátt í skemmtilegri dagskrá dagsins þar sem byrjað var á dansi á sparkvellinum, síðan tók við eldamennska við eldstæðið sem útbúið hefur verið á skólalóðinni og að lokum voru settar niður kartöflur og fræjum sáð í nýju gróðurkassana sem komnir eru á skólalóðina og leysa skólagarðana af hólmi. Einnig var skólahúsið opið fyrir þá sem vildu litast þar um. Margir foreldrar og aðrir gestir litu við þennan dag.

Elstu nemendur Grænagarðs fóru á Ísafjörð 5. júní vegna opnunar sameiginlegrar myndlistasýninga leikskólanna í Ísafjarðarbæ í Stjórnsýsluhúsinu.



Síðustu tvær vikurnar í maí færðist kennslan að miklu leyti út fyrir skólann. Unglingarnir luku þá kajaknámskeiði sínu með erfiðum róðri á móti straumi alveg inn í Vöð. Farið var í ratleik sem hafði það að markmiði að auka fróðleik nemenda um heimabyggðina. Farið var í hjólaferð út á Klofning og göngu út á Kálfeyri. Farin var ferð um sveitina þar sem komið var við í Valþjófsdal og fylgst með sauðburði en við vorum svo heppin að ein kindin bar á meðan við vorum á staðnum. Síðan var farið að Hóli þar sem er kúabú og endað á að ganga um æðarvarpið á Innri Veðrará.



Opinn dagur var haldinn á skólalóðinni þar sem gestir voru boðnir velkomnir í danstíma á sparkvellinum, bakað var brauð í eldstæðinu á skólalóðinni og sáð var fræjum og settar niður kartöflur í nýju gróðurkassana á skólalóðinni sem leysa nú skólagarðana af hólmi. Svona upprofssdagar frá námi í skólastofunni geta verið endalaus uppsprettu náms.



Vorferðin í ár var farin í Haukadal í Dýrafirði. Fyrst var stoppað á Gemlufallsheiðinni og borðaður morgunmatur í köldum norðanvindi. Næsta stopp var á víkingasvæðinu á Þingeyri en síðan var haldið inn í Haukadal. Þar tók Elfar Logi á móti okkur og hélt stutta tölu og sýndi síðan leikritið Dimmalimm. Þegar sýningunni var lokið voru grillaðir hamborgarar í fjörunni. Nokkrir nemendur prófuðu sundfötin sín í sjónum. Á heimleiðinni var komið við í sundi á Þingeyri og vorum við komin heim um kl. 14. Sú hefð að foreldrar komi með í þessa ferð gleymdist í ár en næsta vor verður bætt úr því. Þrír fimm ára nemendur sem voru að útskrifast úr leikskólanum komu með í ferðina.

Skólarnir eru með heimasíðuna [gron@isafjordur.is](mailto:gron@isafjordur.is) og eru þar settar inn fréttir og viðburðir tilkynntir en síðasta skólaár sat sú vinna því miður oft á hakanum og þarfnaði því umbóta. Foreldrafélagið er með lokaðan hót á facebook þar sem hægt er að deila fréttum af heimasíðunni og hefur það gefist vel.

Foreldrafélag skólanna sá um veglegar veitingar á árshátíð Grunnskólans og kaup á rjómabollum fyrir nemendur beggja skóla á bolludaginn. Einnig greiddi foreldrafélagið fyrir sýningu Einars Mikaelss töframanns sem hélt sýningu fyrir báða skóla á leikskólanum í desember. Í stjórn Foreldrafélagsins eru: Dagný Arnalds, Jón Magnússon, Eyvindur Atli Ásvaldsson og Steinunn G. Einarsdóttir. Foreldrafélagið er með hót á facebook. Mikilvægt er að funda með foreldrafélagini strax í upphafi næsta skólaárs en formleg fundarhöld voru ekki þetta skólaárið.

Ákvörðun var tekin um að allir nemendur unglingsastigs myndu sameiginlega vinna í nemendaráði þetta skólaárið. Nemendaráðið stóð fyrir balli að hausti og vann ötullega að kaffihúsakvöldi. Einnig kom það að sílaballinu sem haldið var eftir árshátíð. Næsta skólaár koma nemendur úr 5. bekk einnig inn í nemendaráðið og verður þá kosið í nýtt ráð og reglubundnir fundir skipulagðir.

Í skólaráði grunnskólans eru: Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri, Sigurður Jóhann Hafberg og Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir fulltrúar kennara, Svanborg Gróa Hinrikssdóttir fulltrúi starfsfólks, Steinunn G Einarsdóttir og Ívar Kristjánsson fulltrúar foreldra, Sigríður Skarphéðinsdóttir fulltrúi grenndarsamfélagsins og Einar Arnalds Kristjánsson og Vésis Ósk Önundardóttir fulltrúar nemenda. Skólaráð fundaði tvívar sinnum á árinu og var auk þess í tölvupóstsamskiptum þegar kom að kynningu á skóladagatali 2019-2020 þar sem ekki náðist að kalla allan hópinn saman vegna tímaskorts ráðfélaga.

Skólarnir fá hádegisverð sem útbúinn er í Gunnukaffi fimm daga vikunnar. Skólaliði grunnskólans hefur séð um að koma með matinn á Grænagarð. Nemendur grunnskólans gengu í Gunnukaffi og borðuðu matinn þar. Almenn sátt virðist vera um þetta fyrirkomulag. Í örfá skipti þurfti að sækja matinn svo nemendur þyrftu ekki út vegna veðurs.

Starfsfólk leikskólans sá um að útbúa morgunverð og síðdegishressingu fyrir börnin. Mikilvægt er að fylgjast vel með hvað er í boði hverju sinni og brydda upp á nýjungum. Engar teljandi breytingar voru gerðar frá sl. hausti.

Nemendur grunnskólans gátu keypt d-vítamínbaetts léttmjólk í frímínútum og boðið var upp á ávaxtaáskrift. Mæltist það afar vel fyrir og voru margir nemendur í ávaxtaáskrift. Einnig var gerð tilraun með að elda hafragraut í frímínútum á morgnana, til að byrja með var þetta hugsað sem hluti af heimilisfræðinámi eldri nemenda sem sáu þá um að elda grautinn og bera hann á borð. Ákveðið var að halda þessari tilraun áfram út skólaárið og sáu starfsmenn um grautinn seinni hluta vetrar.

#### Starfsmarkmið grunnskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau

Grunnskóli Önundarfjarðar hefur síðustu ár haft að leiðarlíði að efla lestur, lesskilning og stærðfræði og mun því verða áframhaldið. Í tengslum við átak skóla Ísafjarðarbæjar, *Stillum saman strengi*, verður meira eftirlit með stærðfræði og markvissari vinnubrögðum beitt við skráningu.



Undanfarin ár hefur verið horft til þess að auka hreyfingu nemenda og var það m.a. gert með því að færa mótmuneyti skólans yfir í Félagsbæ. Hefur það reynst vel

og verður vonandi framhald á. Gönguskíðin sem skólinn eignaðist í fyrra voru aðeins notuð en það þyrfti að bæta við aðeins stærri skíðum og stærri skóm svo allir eigi möguleika á að skreppa á skíði. Hafist var handa við að safna skautum og gekk það mjög vel og eru nú til skautar fyrir nánast allan skólann. Gert var skautasvell við skólalóðina og náðist að nota það í allnokkurn tíma.



### Að auka vellíðan nemenda.

Nemendur taka þátt í Skólapúlsinum tvisvar sinnum á ári. Hefur komið fram aftur og aftur að nemendum líður ekki nógu vel og er því eitt af starfsmarkmiðunum skólans að auka vellíðan barnanna í skólanum. Ýmislegt var gert til að stuðla að betri líðan nemenda. Má þar nefna bekkjarfundi og lífsleiknitíma sem nýttir hafa verið til að efla nemendur. Tvö námskeið sem haldin voru af utanaðkomandi aðilum en það voru spunanámskeið sem Agnar Jón Egilsson hélt fyrir báða aldurshópa og mæltist mjög vel fyrir. Einnig fóru nemendur á fyrirlestur Þorgríms Þráinssonar, Vertu ástfanginn af lífinu.

Námsráðgjafi kemur til okkar tvisvar í viku og ræðir við nemendur og gerir meðal annars tengslakannanir með þem. Einnig eiga nemendur greiðan aðgang að skólahjúkrunarfræðingi sem kemur reglulega. Greiðlega hefur einnig gengið að fá þjónustu sérfræðinga ef þess hefur þurft með. Fjölreyttar kennsluaðferðir hafa það einnig að markmiði að koma til móts við ólíka einstaklinga svo allir geti fundið sína styrkleika. Er þessi vinna metin reglulega m.a. með Skólapúlsinum. Í skólapúlsinum frá skólaárinu 2018-2019 kemur fram að líðan þeirra sem þátt taka er marktækt undir landsmeðaltali, hluti hópsins glímir við áhyggjur og stress og einelti mælist yfir landsmeðaltali eins og árin á undan. Samsömun við

nemendahópin er undir meðaltali og dalar milli ára en tengsl nemenda við kennara mælast nú hærra en áður. Þessar niðurstöður sýna að þrátt fyrir mikla vinnu verðurm við að halda ótrauð áfram og leita fleiri leiða. Ekki var gerð foreldrakönnun með skólapúlsinum þetta skólaár. Þess má geta að skólapúlsinn er eingöngu lagður fyrir 5. bekk og uppúr og eiga niðurstöður hans því einungis við um unglinana hjá okkur.

### Að bæta læsi

Það gerum við með því að láta nemendur vinna lesskilningsverkefni jafnt og þétt yfir veturninn, lesa heima lágmark 15 mínútur á dag auk lestrarþjálfunar í skóla (yndislestur og lesa fyrir kennara). Tvisvar yfir veturninn taka nemendur í 3.-8. bekk lesskilningsprófið *Orðarún*, lesfimi var lög fyrir í öllum bekkjum, þrisvar sinnum yfir veturninn. Markmið okkar að nemendur bæti sig alltaf á milli prófa jafnframt því að ná sem flestum upp fyrir 90% markmið lesfimiprófanna. Bókakostur skólans er bættur jafnt og þétt. Í haust var gerð tilraun með að fá inn í skólann lestrarvini. Er það bæði liður í því að auka læsi og að auka samvinnu við grenndarsamfélagið. Lestrarvinirnir Dúnna, Edda og Sigga glöddu okkur með nærveru sinni þetta skólaárið. Unnið var efri aðferðum byrjentalæsis á yngsta stiginu og unglingarnir unnu mikið með ritlist og ljóðagerð í íslenskunni. Hvort tveggja eru þetta skemmtilegar kennsluaðferðir sem auka fjölbreytni og vekja áhuga og þar með ætti að vera möguleiki á bættum námsárangri.

### Að bæta stærðfræði árangur nemenda

Kennsluaðferðir á yngra stigi miðast að því að gera vinnuna sem verklegasta og þannig auka bæði áhuga og skilning á stærðfræðinni. Á unglingastiginu vinna nemendur hver eftir sinni áætlun að verkefnum í stærðfræðibókum. Árangur beggja hópa er metinn markvisst með hæfniviðmiðum og námsmarkmiðum. Stærðfræðinámið gengur vel en varðandi matið þurfum við að setja okkur skýrari viðmið sem allt er í vinnslu með notkun á mentor. Helsta viðmiðið er að hver og einn nemandi nái að bæta sinn árangur jafnt og þétt.

### Stefnur og áætlanir

Ísafjarðarbær ákvað að fara í öflugt átak í upplýsingatæknikennslu fyrir nokkrum árum síðan sem hófst á því að kennrar voru þjálfaðir. Tíð kennaraskipti á Flateyri síðastliðin ár hafa leitt til þess að spjaldtölurnar hafa ekki verið nýttar eins markvisst og hægt væri. Vilji er hjá núverandi starfsmannahópi að koma þessum málum í lag og voru spjaldtölur talsvert notaðar síðasta veturn og Halla Magnúsdóttir fengin til að aðstoða kennara. Tækin sem við höfum eru orðin gömul og úreldast fljótt svo þörf er á endurnýjun næsta haust og um áramót eftir því sem fjárhagsáætlun leyfir.

Einnig var haft að markmiði að halda áfram með það starf sem unnið hefur verið í sameiginlegu átaksverkefni skólanna í Ísafjarðarbæ Stillum saman strengi sem beinist að því að ná sem bestum árangri í lestri og stærðfræði. Unnið var með lestar og stærðfræði með fjölbreyttum hætti og á yngra stiginu var mikið unnið hlutbundið og verlega. Á næsta skólaári verður haldið áfram með sambærilega vinnu en það sem við þurfum að bæta okkur í er að meta árangurinn af vinnunni markvissar. Lestrrarátök voru einnig tekin og fengnir voru inn lestrarvinir til að styðja betur við lestar nemena í skólanum. Þessu verður haldið áfram og heldur bætt í. Læsisstefna Ísafjarðarbæjar er höfð til hiliðsjónar.

Skólanámskrár beggja skólanna eru í endurskoðun hjá starfsmönnum og komin drög að því hvernig þær verðaí haust. Enn sem komið er eru þessar námskrár tvær en skoðað verður í framtíðinni hvort takist að sameina þær. Yfirlestur fór fram og hugeliðingar um hvort eitthvað sé í námsskránni sem ekki sé verið að framfylgja og þá hvort eigi að framfylgja því eða taka það út.

Starfsáætlun grunnskólans var endurskoðuð á skólaárinu af starfsmönnum og skólaráði en margt þarf ennþá að vinna betur í henni og þá aðallega þá kafla sem eiga við um báða skólana. Þessari vinnu verður haldið áfram á næsta skólaári enda er slík áætlun lifandi plagg sem endalaust má endurskoða. Leitað verður eftir aðkomu alls skólasamfélagsins við áframhaldandi vinnu við skólanámskrána og starfsáætlun.

Settur var á laggirnar samráðshópur um skólamál á Flateyri á vordögum 2017. Í hópnum voru kennara leik- og grunnskólans, þáverandi skólastjóri, fulltrúar foreldra og hverfaráðs og einn fulltrúi bæjarstjórnar. Formaður hópsins var Kristrún Lind Birgisdóttir hjá Tröppu. Lokaskýrsla hópsins var tilbúin í júní 2018. Hlutverk hópsins var að fjalla um áform bæjarstjórnar um flutning leik- og grunnskólans á Flateyri í eitt hús og að koma með hugmyndir að leiðum til að styrkja skólastarf á Flateyri. Niðurstaða starfshópsins var að forsendur fyrir því að flytna leikskólabörnin í húsnæði grunnskólans væru ekki fyrir hendi. Var þá tekið mið af því fjárhagslega svigrúmi sem Ísafjarðarbær hafði til að breyta grunnskólahúsnæðinu sem ekki væri nægjanlegt til að bæta aðstæður barnanna eða skólastarf á Flateyri. Í skýrslunni eru einnig mörg góð ráð sem vert er að hafa í huga til að ná sem bestum árangri í skólastarfi og við samvinnu skólanna tveggja.

Mikill samhugur er í starfsfólk skólans og mikill vilji til að hlúa sem best að skólastarfinu. Mikil umræða um námsmarkmið og hæfniviðmið átti sér stað meðal starfsmanna á síðasta vetri og förum við inn í næsta veturn með fullt af hugmyndum um hvernig við getum náð sem bestum árangri. Mikil áhersla var lögð á að

ná tökum á að nota Mentor sem er kerfi til að halda utan um kennsluáætlanir og verkefni og meta þar jafnóðum hæfni og námsmarkmið nemenda og auðvelda þannig vinnu við mat við annarlok og lokamat. Erum við almennt komin vel á veg með notkun á menntor og við skólalok voru áætlunum fyrir næsta skólaár gerðar í svokölluðum lotum í Mentor. Í upphafi næsta skólaárs verða svo hæfniviðmið tengd við loturnar og þær fínpússaðar. Með þessu móti á vinna við að meta hæfniviðmið að verða auðveldari en verið hefur. Í mentor er einnig haldið utan um mætingu nemenda. Það sem við þurfum að leggja áherslu á í þessu sambandi næsta skólaár er að passa upp á að allt sé sýnilegt nemendum og foreldrum svo þeir geti auðveldlega fylgjast með framvindu námsins svo vinna við hæfniviðmiðin verði markvissari. Eitt af markmiðum okkar að bættum námsárangri og meðvitund nemenda um hvaða kröfur eru gerðar til þeirra. Við þurfum að bæta okkur í upplýsingaflæði til nemenda því þó að við höfum reglulega verið að bæta við mati á hæfniviðmiðum þá voru nemendur ekki alltaf meðvitaðir um það.

Fjölbreyttir kennsluhættir og verkleg vinna hefur sett svip á skólahaldið síðast vetur og stefnum við að því



að gera enn betur á næsta skóalári.



Eitt af markmiðum okkar fyrir næsta vetur er að hafa markvissa þemavinnu með báðum stigum. Verefni

þngri deildarinnar er þegar ákveðið, þ.e. að smíða báta sem síðan verða settir á flot á lóninu. Í þessu verkefni samþættast hinrar ýmsu greinar og samvinna kennara er nauðsynleg. Unglingarnir fá að velja sér þemaverkefnin út frá áhugasviði en þar verða skýrar kröfur um að skilað verði afurð með ýmsum hætti og að henni fylgi dagbók og skýrsla. Þessi vinna krefst þess að kennrarar vinni saman í teymi en vegna fæðar ætlum við að prófa þetta með two kennara á hvoru stigi.

#### Starfsmarkmið leikskólans og mat á hvernig tókst að vinna með þau

- ✓ Leggja áherslu á vellíðan barna og gleði og byggja á styrkleika þeirra og hæfni

- ✓ Efla málþroska, auka málskilning og orðaforða
- ✓ Að efla sjálfstæði (sjálfstæði í daglegum athöfnum)
- ✓ Að leggja áherslu á hreyfingu barna og hreyfiuppeldi (íþróttatími í íþróttahúsinu, útivera á hverjum degi)
- ✓ Vekja áhuga á sjálfinu, öðrum og umhverfinu
- ✓ Læra um líkama sinn og nánasta umhverfi.

Vel gekk að vinna að starfsmarkmiðum leikskólans. Í málörvun er mikið unnið með Lubbi finnur málbein. Það er lesið fyrir börning og sungið og með söngvunum eru notuð tákni eða myndir. Auk þess komu tveir eldriborgarar þær Edda og Dúnna einu sinni í viku í heimsókn og lásu fyrir börnin. Eftir áramótin fór af stað verkefni til að vinna með málörvun fjögurra barna frá Sýrland og kom þá kennari tvívar í viku og vann með þeim börnum en til að gera námið áhugaverðara og liflegra voru önnur börn af leikskólanum tekin með. Daglega fara börnin út á leikvöllinn og eflist þá hreyfing þeirra, suma daga er útivist tvívar yfir daginn og þá sérstaklega þegar veðrið er gott. Farið var einu sinni í viku í íþróttahúsið en vegna manneklu datt það niður um tíma. Kennrarar setja einnig upp þrautabraudir sem reyna jafnvægi og fleira. Stundum er farið á ærslabelginn og farið er í vettvangsferðir t.d. í fjöruna þar sem leitað er að skeljum, spjallað um fiska, fugla og umhverfið.

Um líkamann læra nemendur í hópatímu, í gegnum söngva, bækur og að skoða sig sjálf í spegli og teikna sjálfsmyndir.

Börnin eru hvött til vináttu og að vera góð hvert við annað. Sungin eru lög um vináttu og unnið með vináttu í gegnum teikningar.

Unnið er að velliðan allra með jákvæðini og góðum samskiptum við börnin og foreldrana. Hlustað er á börnin og rætt um tilfinningar. Börnin eru hvött til að finna lausnir í aðstæðum sínum.

Unnið er með sjálfstæði með því að leggja áherslu á að börnin klæði sig sjálf og noti salerni. Eldri börnin leggja á borð, hella sjálf í glös.

### [Skipting nemenda](#)

Í upphafi skólaárs voru nemendur grunnskólans, 18, 10 stúlkur og 8 drengir. Samkennsla var í 2.-4. bekk en þar voru 10 nemendur, 2 í 2. bekk, 4 í 3. bekk og 4 í 4. bekk. Einnig var samkennsla í 8. - 9. bekk en fjórir nemendur voru í hvorum árgangi. Fjórir tvítyngdir nemendur voru við skólann. Engir nemendur voru í 1. 5. 6. 7. og 10. bekk. Allir þessir nemendur luku skólaárinu við Grunnskóla Önundarfjarðar.

Þegar leikskólinn opnaði í ágúst stunduðu 18 börn nám í honum, þar af voru tvö að hefja aðlögun.

Fjöldinn hélst stöðugur, eitt barn bættist við í apríl og verða börnin 19 fram að sumarlokun. Fjögur barnanna eru í hálfsdags vistun en flest hinna í fullri vistun. Helmingur barnanna á annað móðurmál en íslensku og er það spænska, arabíska og pólska. Börnin eru á aldrinum 12 mánaða til 5 ára. Þrjú börn útskrifast úr leikskólanum þetta vor og hefja grunnskólagöngu í haust. Tvö eins árs börn hefja aðlögun eftir sumarfrí.

Átta börn úr 2.-4. bekk voru í dægradvöl sem var starfrækt í grunnskóahúsnaðinu þetta árið. Þrjú elstu börnin úr leikskólanum voru einnig í dægradvölinni um tíma og var það bæði hugsað til að brúa bilið milli skólastiga og einnig sem lausn vegna tímabundins skorts á starfsmönnum í leikskólanum.

Flestir nemenda beggja skóla búa á Flateyri. Þrír nemendur grunnskólans og einn nemandi leikskólans koma úr Önundarfirðinum og sjá foreldrar um skólaakstur þeirra. Eitt leikskólabarnanna á lögheimili á Ísafirði og bíður eftir leikskólaplássi þar.

Hvert og eitt barn sem kemur eða fer vegur þungt í svo litlum skólum. Með tilkomu LÝÐHÁSKÓLANS sem tók til starfa á Flateyri haustið 2018 varð fjölgun nemenda á báðum skólastigum. Fjögur börn í grunnskólanum og eitt í leikskólanum voru börn kennara og nemandi LÝÐHÁSKÓLANS. Fjöldi nemandi hélst stöðugur á báðum skólastigum þetta skólaárið.

### [Starfsmenn og stöðugildi](#)

Fastir kennrarar, leiðbeinendur, stundakennrarar ásamt skólastjóra í leik- og grunnskólanum voru ellefu. Tveir grunnskólakennrarar voru í 100% stöðu, einn leiðbeinandi byrjaði í 54% starfi sem jókst upp í 65%. Einn stundakennari kenndi 3 tíma á viku. Skólaliði var í 75% starfi og var jafnframt starfsmaður dægradvalar í 25% starfi. Mikið var um manna breytingar á leikskólanum og deildarstjóri ekki starfandi nema hluta úr árinu, fyrst í 80% starfi en nú hefur náðst stöðugleiki þar á og er deildarstjóri starfandi í 100% starfi. Einn starfsmaður fór í veikindaleyfi og einn hætti störfum og gekk illa að fylla skörð þeirra. Nú er leikskólinn þó fullmannaður á ný en auk deildarstjóra eru þar leikskólakennari í 80% starfi. Einn starfsmaður í leikskóla í 100% starfi og annar í 80% starfi. Starfsmaður í afleysingu og ræstingu í 100 % starfi. Áður var starfandi matráður í 62,5% starfi við skólana en breyting var gerð þar á í haust og matráðurinn gerðist verktaiki og selur mat til skólanna.

Starfsmenn:

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir skólastjóri.

Jóna Lára Sveinbjörnsdóttir umsjónarkennari í 100% starfi.

Katrín María Gísladóttir leiðbeinandi í 65% starfi.

Sigurður Jóhann Hafberg umsjónarkennari í 100% starfi.

Sigurrós Eva Friðþjófsdóttir danskennaða, 3 stundir á viku.

Svanbjörg Gróa Hinriksdóttir 75% skólaliði og 25% starfsmaður dægradvalar.

Maria Eugenia Chiarandini starfsmaður á leikskóla 80% starf.

Joanna Majewska deildarstjóri Grænagarðs frá 1. apríl 2019, 100% starf, áður háskólamenntaður starfsmaður.

Júlia Rós Bjarnadóttir starfsmaður í 80% starfi. Hóf störf 8. maí 2019. Lauk B.ed. í leikskólakennarafræðum í júní 2019.

Steinunn Aldís Einarsdóttir 80% starf leikskólakennara, deildarstjóri um tíma. Hætti störfum 14. febrúar 2019.

Árni Kristinn Skúlason starfsmaður á leikskóla frá 1. febrúar – 31. mars 2019. 100% starf.

Grazyna Posnik í blönduðu starfi afleysingar leikskólakennara og ræstingar 100% starf.

Helena Jónsdóttir skólahjúkrunarfræðingur

Jónína H. Símonardóttir náms- og starfsráðgjafi

Auk þess var Una Lára Waage í afleysingum hluta úr árinu.

## Forföll starfsfólks

Starfsárið hefur einkennst af undirmönnun á leikskólanum. Þrátt fyrir það gerðu starfsmenn sitt allra besta til að láta starfið ganga upp. Einn starfsmaður fór í veikindaleyfi fyrir áramótin og hætti störfum í kjölfarið. Annar starfsmaður sagði upp störfum frá 15. febrúar. Að öðru leyti hefur ekki verið óeðlilega mikið um forföll starfsmanna í leik- eða grunnskólanum. Stöðugleiki náðist í starfsmannahaldið á sumarmánuðum þó mikið sé um tímabundnar ráðningar vegna réttindaleysis. Lítið hefur verið um leyfisbeiðnir starfsfólks á leikskólanum og alltaf verið hægt að verða við þeim óskum sem komið hafa. Veikindi starfsfólks grunnskólans voru 96 tímar eða 12 dagar. Fjarvera vegna veikinda barna voru 24 tímar eða 3 dagar. Skólahald féll aldrei niður vegna veðurs þetta skólaár og enginn starfsmaður var frá vinnu vegna ófærðar.

Veikindi starfsfólks leikskólans voru 762,18 klst. eða 95,27 dagar, þar af langtímoveikindi í 47 daga.

Fjarvera vegna veikinda barna voru 51,26 klst. eða 6,4 vinnudagar. Leyfi starfsfólks skiptust á milli

einkaerinda og námskeiða og í flestum tilfellum var hægt að verða við þeim óskum sem komu. Kennrarar hafa unnið upp í þær kennslustundir sem þeir hafa þurft leyfi frá. Það sem útaf hefur staðið og ekki verið hægt að leysa þannig hefur verið greitt með yfirvinnu.

### Forföll nemenda

Hér á eftir koma upplýsingar um ástundun nemenda úr Mentor:

Seint	Veikindi	Leyfi	Leyfi stundir	Leyf óveður	Fjarvist
109 kst	64 d 21 stund	192 dagar	9 kst	0 dagar	5 d 7 stundir

Mikið var um leyfisbeiðnir vegna grunnskólanemenda á þessu skólaári. Veikindatalan verður að teljast eðlileg miðað við fjölda nemenda, að meðaltali 3,5 dagar á hvern nemenda. Kennsla í skólanum féll aldrei niður vegna veðurs.

Upplýsingar um forföll nemenda á Grænagarði liggja ekki fyrir.

### Kennslustundaúthlutun og daglegt skipulag

Starfstími grunnskóla er 36 vikur eða 180 nemendadagar þ.e. kennslu- og prófdagar nemenda og viðtalsdagar. Sérstakir starfsdagar kennara á starfstíma skóla eru fimm. Starfsdagar utan skólatíma eru átta, fimm í upphafi skólaárs í ágúst og þrír í maí/júní og er það samkvæmt kjarasamningi sveitarfélaga við Kennarasamband Íslands. Á skólaárinu 2018 – 2019 fékk grunnskólinn úthlutað 77 stundum til að sinna bekkjarkennslu, sérkennslu, nýbúakennslu og skiptitímum. Úthlutunin miðast við nemendafjölda og viðmiðunarstundaskrá.

Skólinn var opnaður kl. 07.50 á morgnana og hófst kennsla kl. 8:15. Allri kennslu var lokið í skólanum um kl. 14:40, misjafnt eftir aldri nemenda. Kennslutilhögun var þannig að námstímanum var skipt í tvær annir hjá öllum árgöngum. Námsmat fer fram jafnt og þétt en vitnisburður var aðgengilegur við lok annar. Viðtöl voru í upphafi skólaárs, á miðri fyrstu önn og við upphaf annarrar annar.

Nemendum í 2.-4. .bekk var kennt 29 kst. á viku, nemendur í 8.-9. bekk 35 kst. auk valnámskeiða sem þau sóttu á Ísafjörð á haustönn. Eina kennslustund vantaði upp á lögbundna kennslu yngri nemendanna en úr því verður bætt á næsta skólaári.

Vetrarfrí Grunnskólans voru 18. og 19. október og 18. og 19. mars. Foreldradagar voru í grunnskólanum voru 16.-17. október og 29. og 30. janúar og 24.-25.. Foreldrar voru þá boðaðir sérstaklega til viðtals við umsjónarkennara.

Foreldraviðtöl á leikskólanum voru dagsett 11. – 13. mars.

Valgreinar á unglingastigi voru kenndar á Ísafirði fram að áramótum. Meðal þess sem nemendur völdu sér þar var skólahreysti, myndmennt, heimilisfræði, tæknilegó, gerðu það sjálfur og hárgreiðsla. Auk þess var einn nemandi í starfsþjálfun hjá netagerðinni. Eftir áramótin var ákveðið að nýta mannaudinn hjá okkur í valtímana og var það skipulagt með 16 kennslustunda lotum. Eftir samtal við unglingana um áhuga buðum við uppá kajaknámskeið, endurnýtingu, fantasíuförðun, prjónaskap og heimilisfræði.

Rúllandi stundaskrá tónlistarskóla, danskennsla, viðvera námsráðgjafa og hjúkrunarfræðings setur svip á skólastarfið og einhvern veginn æxlaðist það svo þetta skólaárið að allt bar þetta upp á miðvikudaga og því virtist skólahúsið, sem áður rúmaði mun fleiri börn er eru í skólanum í dag, vera full lítið.

Starfstími Grænagarðs var frá 7. ágúst til 5. júlí og var leikskólinn lokaður í fimm vikur að sumri. Starfsdagar á leikskólanum voru þrír, einn námskeiðsdagur og fjórir starfsmannafundir þar sem lokað var hálfan daginn.

Leikskólinn opnar kl. 8:00 á morgnanna og lokar kl. 16:00 alla dag. Leitast er við að hafa jafnvægi á milli mismunandi þátta á milli frjálsra og skipulagðra leikja, inni og úti.

Leikskólinn er einsetinn leikskóli og er miðað við að börnin séu komin í hann þegar hópatíminn hefst kl. 9:15. Dagskrá leikskólans var með eftirfarnandi hætti síðasta ár:

Kl. 8:00 - 8:30	Leikskólinn opnar, róleg stund – frjáls leikur.
Kl. 08.30– 08:45	Morgunstund.
kl. 8:45– 9:15	Morgunverður.
Kl. 9:15-9:45	Hópatími.
kl.9:45– 10.30	Valtími.
kl.10.30 – 11.30	Útivera.
kl. 11.30 – 12.00	Hádegisverður.
kl. 12.00 – 12.30	Hvíld, róleg stund.
kl. 12.30 – 13.30	Valtími, frjáls leikur á leiksvæðum

- kl. 13.30–14:30. Hópastarf.  
 kl. 14:45 -15:15 Söngvastund og kaffitími.  
 kl. 15.15 – 16:00 Frjáls leikur á leiksvæðum og leikskólinn lokar, kveðjur.

Elstu nemendur leikskólans fóru nokkrum sinnum í íþróttahúsið ásamt nemendum grunnskólans eftir hádegi á þriðjudögum. Einnig komu þeir í nokkrar kennslustundir til að kynnast grunnskólastarfinu og voru um tíma með dægradvöllinni eftir hádegið.

#### Samstarf skólanna

Samstarf leikskólans Grænagarðs og Grunnskóla Önundarfjarðar hefur verið að aukast undanfarin ár en betur má ef duga skal. Á haustmánuðum 2017 samþykkti bæjarstjórn tillögu samráðshóps um skólamál að einn skóli yrði á Flateyri enda hefur verið sameiginlegur stjórnandi yfir báðum skólum síðan 2012. Dægradvölín var í grunnskólahúsnæðinu en elstu leikskólabörnin voru þar í vistun eftir hádegi um tíma.



Þetta fyrirkomulag gekk vel og verður því farið af stað með dægradvölina í grunnskólahúsnæðinu einnig næsta skólaár. Skólanir hafa sameinast um að kaupa leiksýningar fyrir nemendur og í ár var

það Einar Mikael töframaður sem fenginn var til að sýna. Sameiginlegt jólaball var haldið á leikskólanum. Sameiginlega föndurstund lýðháskóla, grunnskóla, leikskóla og bæjarbúa var haldin í grunnskólanum á aðventunni. Á vordögum fóru svo nemendur leik- og grunnskóla saman í Sólargöngu og borðuðu saman grillmat í lok dags. Útskriftarágangur leikskólans fór með nemendum grunnskólans í vorferð og var það jafnframt þeirra útskriftarferð. Tveir elstu árgangar leikskólans komu nokkrum sinnum í íþróttahúsið með yngri nemendum grunnskólans. Möguleikar á enn frekara samstarfi eru miklir en þarfnað góðs skipulags vegna fjarlægðar á milli húsa. Fyrirhugaða er að elstu nemendur leikskólans komi regluglega í grunnskólanum næsta skólaár og hefji þrjá morgna í viku og starfi þá í tvær kennslustundir með fyrsta bekk grunnskólans. Þetta er tilraunaverkefni sem verður endurskoðað að næsta skólavetri loknum.



## Sjálfsmat

Samkvæmt lögum um grunnskóla frá 2008 eru markmið með mati og eftirliti með gæðum starfs þeirra að veita upplýsingar um skólastarf og árangur og tryggja að starfsemin sé í samræmi við ákvæði laga,

reglugerða og aðalnámskrár grunnskóla. Einnig að auka gæði náms og stuðla að umbótum og tryggja að réttindi nemenda séu virt og að þeir fái þá þjónustu sem þeir eiga rétt á. (Lög um grunnskóla nr 91, frá 2008) Samkvæmt 36. grein grunnskólalaga frá 2008 ber grunnskólum einnig að meta starf sitt og árangur með kerfisbundnum hætti, með virkri þátttöku starfsmanna, nemenda og foreldra eftir því sem við á.

Tilgangur þess mats er að greina veika og sterka þætti skólastarfsins með kerfisbundnum hætti og gera viðeigandi umbótaáætlanir. Þetta er sá þáttur sem kallast sjálfsmat skóla. Sjálfsmatið miðast við aðstæður á hverjum stað og er skipulagt af starfsfólk skóla. Það er jafnframt leið til að miðla þekkingu á skólastarfinu og er liður í þróun skólastarfsins. Tilgangur þess er að kanna hvort markmiðum skólans hefur verið náð, greina sterka og veika þætti í skólastarfinu og skapa þannig grunn að umbótum. Margir ólíkir þættir hafa áhrif á skólastarf og skólar verða að koma til móts við ólíkar þarfir. Sjálfsmatið verður stöðugt að vera í gangi og er langtímmamiðað með því fer fram víðtæk gagnasöfnun um skólastarfið.

Sjálfsmat skóla er því leið til þess að miðla þekkingu á skólastarfi og er liður í þróun og vexti hvers skóla. Sjálfsmat, umbætur og mat eru því lykill að því að gera góðan skóla betri. Samkvæmt leiðbeiningum frá Sambandi íslenskra sveitarfélaga skal matið vera markmiðsbundið, kerfisbundið, samofið öllu skólastarfi, samstarfsmiðað, byggja á upplýsingum, vera umbótamiðað og opinbert. Til að tryggja að matið sé

kerfisbundið gera grunnskólar matsáætlun sem allir þættir skólastarfsins eru teknir fyrir einu sinni eða oftar á 3-5 ára tímabili. Sumir þættir eru þess eðlis að þeir eru teknir fyrir árlega en aðrir sjaldnar. Innra matið byggir bæði á upplýsingum úr könnunum sem gerðar eru ýmist af skólunum sjálfum eða af aðilum sem Ísafjarðarbær hefur samið við. Árangur nemenda er metinn með vísan í samræmdar mælingar og framfarir.

Upplýsinga fyrir sjálfsmat var aflað með vinnu starfsmanna við gæðagreina, með mati á námsárangri nemenda á samræmdum prófum í 4. og 9. bekk og Lesferlisprófi Menntamálastofnunar. Þá var einnig stuðst við niðurstöður úr Skólapúlsi, en þetta árið var könnunin einungis lögð fyrir nemendur. Einnig er samantekt úr starfsmannasamtölum notuð við matið. Starfsmannakönnun var ekki lögð fyrir þar sem starfsmannahópurinn er fámennur.

Skólaárið 2018-2019 var hafin vinna með Gæðagreina sem byggja á skosku sjálfsmatskerfi How good is our school. Árið 1999 var matskerfið þytt og staðfært af starfsfólki hjá Skólaskrifstofu Skagfirðinga og þá nefnt Gæðagreinar. Uppfærslur hafa verið gerðar á skosku útgáfunni og þær þýddar yfir á íslensku. Núverandi gæðagreinar sem komu út í Skotlandi í september 2015 bera nöfnin Hversu góður er skólinn okkar og Hversu góður er leikskólinn okkar. Leik- og grunnskólar Ísafjarðarbæjar hafa fengið leyfi til að nota þessa gæðagreina og hafa notið leiðsagnar frá starfsfólki Fræðsluskrifstofu Skagafjarðar við innileiðinguna.

Þetta skólaár var unnið með fjóra gæðagreina í grunnskólanum. Hver gæðagreinir samanstendur af 10-15 spurningum og matsviðmiðum. Þar sem starfsmenn eru mjög fáir við skólanum framkvæmdum við vinnuna þannig að fyrst fékk hver einstaklingur spurningarnar í hendurnar og merkti við sitt mat. Síðan hittist allur hópurinn og bar saman bækur sínar, ræddi og rökstuddi og komst síðan að sameiginlegri niðurstöðu um hverja spurningu fyrir sig. Helstu niðurstöður úr vinnunni með gæðagreinana eru eftrifarandi:

Gæðagreinir 1.2. Forysta í skólastarfi. Helstu styrkleikar hópsins eru hversu dugleg við erum að miðla þekkingu og reynslu hvert til annars, hversu leiðandi starfsmenn eru í námsaðferðum og hversu meðvituð við erum að finna leiðir til að vinna með seiglu og sjálfstraust nemenda. Helstu veikleikar í þessum þætti eru vissa fyrir að símenntun okkar sé að skila árangri og að taka á gagnrýninn hátt þátt í rannsóknum, stefnumótun og þróun náms og kennslu.

Gæðagreinir 2.3. Nám, kennsla og námsmat. Styrkleikar í þessum þætti eru námsumhverfi, áætlunargerð og viðmið en þar erum við búin að vera dugleg að tileinka okkur vinnu með hæfniviðmið og að gera

kennsluáætlanir í lotum í mentor. Í heildina kemur þessi þáttur þó mjög veikur út hjá okkur en þar er helst að nefna endurgjöf og upplýsingar til nemenda og að gera þau sjálfstæðari og leiðandi í námi.

Gæðagreinir 2.7. Samstarf. Styrkleikar er þarna margir og má þar nefna góð tengsl við nærsamfélagið og foreldra og að skólinn gegnir mikilvægu hlutverki í samféluginu. Þarna er helsti veikleiki okkar að miðla upplýsingum til foreldra og forráðamanna til að aðstoða þá við að skilja nám barna sinna.

Gæðagreinir 3.1. Velferð, jafnrétti og skóli án aðgreiningar. Þarna eru styrkleikar okkar nemendalýðræði og að vel er hugað að lögum og reglum og velferð allra nemenda. Einnig eru samskipti og ábyrgð styrkleikar. Veikleikar eru mælingar á árangri og að vinna betur með fjölbreytileikann.

Þær niðurstöður sem hér eru birtar eru meðaltalsniðurstöður hvers matsþáttar byggðar á einkunnagjöf heildarinnar við hverja spurningu,

#### Yfirlit gæðagreina í grunnskólanum

Gæðagreinir	Meðaltalseinkunn
1.2 Forysta í skólastarfi	3,2
2.3 Nám, kennsla og námsmat	2,8
2.7 Samstarf	3,5
3.1 Velferð, Jafnrétti og skóli án aðgreiningar	3,5
Meðaltalseinkunn úr öllum þáttum	<b>3,25</b>

Ekki tókst að vinna með gæðagreina á leikskólanum þetta skólaár en allir starfsmenn fengu spurningalistann um samstaf í hendurnar til að prófa. Farið verður markvisst í vinnu með gæðagreina á leikskólanum næsta skólaár.

Hér fyrir neðan má sjá þá áætlun sem gert var ráð fyrir að vinna eftir þetta skólaár og fram til ársins 2021, bæði innra og ytra mat. Þeir þættir sem þarna eru tilteknir fyrir skólaárið 2018-2019 voru unnir eftir bestu getu, skólanámskráin var skoðuð og unnið í henni en ekki náðist að klára þá vinnu og verður framhaldið í haust. Starfsandinn var kannaður í starfsmannsamtölum og með vinnu við gæðagreini 2,7 í grunnskólanum. Mikil umræða átti sér stað um námsmat og unnið markvisst að því að komast að niðurstöðum og gera námsmatvinnu sem skilvirkasta, vinn með gæðagreini 2,3 sýndi að við þurftum að taka okkur vel á í þessum efnum. Rýnt var í niðustöður samræmdra prófa, orðarúnar og lesferils.

2018-2019	2019-2020	2020-2021	2021-2022
-----------	-----------	-----------	-----------

Haustönn	Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	-Ytri tengsl Skólapúlsinn Stjórnun Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	Einkenni stofnunar staða samfélagini Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk	Nám og kennsla og Skólapúlsinn Samræmd könnunarpróf í 4.-7.bekk
Vorönn	Skólanámskrá klára gerð hennar Starfsandi innan stofnunnarinnar Námsmat Samræmd próf í 9. bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill	Samantekt og mat árangri skólastarfsins Skólapúlsinn Samræmd próf í 9. bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill	Stefna markmið Skólapúlsinn Samræmd próf í 9. bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill	og Skólapúlsinn Samræmd próf í 9. bekk Skólapúlsinn Orðarún Lesferill

Starfsmannasamtöl voru tekin að vori og náðu allir starfsmenn leik- og grunnskóla að mæta. Það sem þarf að vinna með er að hrista starfsmannahópinn saman á einhvern hátt þó starfsstöðvarnar séu tvær og fjarlægð á milli. Greiða þarf leið starfsmanna leikskólans til að komast í endurmenntun sem oftast er á vinnutíma og minna svigrúm þar en í grunnskólanum. Almennt eru starfsmenn ánægðir með vinnustaðinn.

Hvorki var gerð starfsmannakönnun þetta skólaár né foreldrakönnun. Matsmenn frá Menntamálastofnun sem gerðu yrta mat á skólunum gerðu foreldrakönnun en niðurstöður hennar verða ekki birtar fyrr en skýrsla um ytra matið verður gerð opinber í haust.

#### Samræmd próf

Nemendur 4. bekkjar þreyttu samræmd próf í stærðfræði og íslensku í september og nemendur 9. bekkjar þreyttu samræmd próf í stærðfræði, íslensku og ensku í mars. Uppsafnað meðaltal árangurs 4. bekkjar á samræmdum könnunarprófum í íslensku og stærðfræði sýnir að hann hefur verið að aukast í báðum fögum. Árangur í stærðfræði hefur verið betri en í íslensku og hefur legið við landsmeðaltal frá 2007. Hins vegar jókst árangur í íslensku töluvert 2014-2018 og mældist rétt yfir meðaltali. Of fáir of fámennir árgangar hafa tekið samræmda prófið í 9 bekk á Flateyri til að birta niðurstöður. Kennrarar hafa rýnt í niðurstöður strax og þeim hafa borist þær og nýtt til að finna hvar styrkleikar og veikleikar liggja.

Starfsmenn menntamálastofnunar unnu ytra mat á skólunum. Ákveði var að vinna matið í tvennu lagi og komu tveri starfsmenn í hvorn skóla í mars 2019. Niðurstöður hafa verið sendar skólastjóra og bæjarstjóra en varða ekki opinberar fyrr en umbótaáætlun hefur verið unnin í haust.

#### Fjárhagsáætlun

Fjárhagsáætlun Grunnskóla Önundarfjarðar gerði ráð fyrir rúmlega 58 milljónum króna og voru þær nánast alveg nýttar. Á Grænagarði var gert ráð fyrir 38 milljónum og voru þar tvær milljónir í afgang. Það er mjög ánægjulegt að fara ekki yfir á fjárhagsáætlun en huga þarf vel að því að nýta fjármagn sem best þar sem margt þarfnast endurnýjunar á báðum stöðum.

#### Framkvæmdir

Skólalóð grunnskólans var tekin í gegn haustið 2018 og allflest leiktæki endurnýjuð. Settar voru gúmmímottur undir öll tækin. Gróðurkössum var komið fyrir á skólalóðinni auk tveggja geymsluskúra. Enn hefur ekki verið lokið við að setja ljós úti eða klára málningarávinnu á ramma sem var sagaður þegar ný hurð út á leiksvæðið var sett. Göngustígar á leiksvæðinu eru ófrágengnir en þá á að malbika. Verkmenntastofa á neðri hæð er illa farin og þarfnast endurnýjunar. Útveggir eru mjög sprungnir og kemur fyrir að þar lekur

inn. Þörf er orðin á að mála í starfsmannaðstöðu á efri hæð, skrifstofu skólastjóra, kennaraherbergi, eldhús og hol. Grunnskólahúsið þarf að mála að utan, bæði veggi og þak. Þakrennur eru riðgaðar í göt og lekur vatn niður við aðalinngang svo það þarfmast lagfæringa.

Lítið var endurnýjað af búnaði síðasta skólaár en mikilvægt er að skoða hvað þarf til að skólinn uppfylli þarfir nemenda í nútíma skólaumhverfi.

Skoða þarf allar lagnir í skólanum og útbúa almennilega ræstikompu. Ekki vsr haldin brunaægging síðasta skólaár en það þarf að gera fljótlega á nýju skólaári og skoða brunamál skólanna. Slökkvitæki voru yfirfarin og skipt út þeim sem þurfti.

Á Grænagarði virtust gólfefnir vera ónýt en útlit er fyrir að lengja megi líftíma þeirra svo um munar með réttri meðhöndlun og verða þau hreinsuð upp og bónuð í sumar. Aðkallandi er orðið að mála leikskólann að innan og dytta að gluggum. Útidyr eru orðnar frekar lélegar og setja þarf snjóstoppara á þak hússins þar sem það er hátt og bratt og mikill snjór hrynnur af þakinu með tilheyrandí skemmdum á þakrennum og hættu fyrir börn sem eru úti í leik.

Tími er kominn á endurnýjun á mörgu á leikskólanum, t.d. betri borð og stóla fyrir börnin sem einnig bæta vinnuaðstöðu starfsmanna. Byrjað var að endurnýja borðbúnað barnanna en það þarf að klára.

Aðkeypt þjónusta

Skólanir fá sérfræðiþjónustu frá Skóla- og tómstundasviði Ísafjarðarbæjar varðandi greiningar og stuðning við nemendur og starfsfólk. Einnig hefur verið keypt þjónusta iðnaðarmanna í smærri verk. Túlkaþjónusta er keypt eftir þörfum.

Hér lýkur þessari yfirferð um skólastarf á Flateyri skólaárið 2018- 2019.

Kristbjörg Sunna Reynisdóttir

skólastjóri